

Tóku þátt í norrænni listvefnaðarsýningu í Hässelby



Listakonurnar fimm við opnun sýningarinnar fyrir framan eina af myndum Ásgerðar, Strengjatök. Frá vinstri: Elisabet Hasselberg-Olsson frá Svíþjóð, Maija Kolsi-Mäkelä frá Finnlandi, Ásgerður Ester, Nanna Hertoft frá Danmörku og Synnöve Anker Aurdal frá Noregi.

Nýlega var tekinn í notkun nýr sýningarsalur við menningarsetur norrænu höfuðborganna, Hässelby höll fyrir utan Stokkhólm, og var hann vígður með sérsýningu á listvefnaði. Voru sýnd verk eftir einn listamann frá hverju fimm NORDURLANDANNA. Listakonan Ásgerður Ester Búadóttir var fulltrúi Íslands á þessari sýningu og fékk mjög lofsamlega dóma í sænskum blöðum.



Frá sýningunni í nýja salnum. Verkin eru frá vinstri: finnskt, íslenskt og norskt.



Fremst á veggnum til vinstri eru þrjár af myndum Ásgerðar Búadóttur.

Lofsamlegir dómar sænskra blaða um listaverk Ásgerðar

Áð sögn forstöðumanns Hässelby hallar, Birgers Olssons, fékk sýningin óvenjumikið umtal í sænskum blöðum og bar þar ýmislegt til, bæði hve sjaldgæft er að haldnar séu sérsýningar á listvefnaði og hve góð ummæli gagnrýnenda þau verk fengu, sem þarna voru sýnd, auk ánægjunnar yfir hinum nýja sal, sem hefur verið innreittaður í gömlu útihúsi, en annars hefur sýningaraðstaða í höllinni ekki verið sérstaklega heppileg. Nefnist ný salurinn Galerie Plaisiren.

Auk Ásgerðar sýndu frá hinum Nordurlöndunum Synnöve Anker Aurdal frá Noregi, Elisabet Hasselberg-Olsson frá Svíþjóð, Nanna Hertoft frá Danmörku og Maija Kolsi-Makela frá Finnlandi.

Sýningin stóð frá 30. september og út októbermánuð og var mjög mikil aðsókn að henni allan tímann, fór fram úr öllum vonum, sagði Birger Olsson, og vakti listvefnaðurinn mikla hrifningu sýningargesta. Hefur þessi samsýning á listvefnaði frá Bræðrabjóðunum vafalaust orðið til að vekja aukinn áhuga á þessari listgrein, sem svo

alltof fáir stunda, amk. hér á Íslandi.

Sænska blaðið „Dagens Nyheter“ segir ma., að lista-

konurnar fimm vinni hver með sinum hætti, séu mjög einstæðar og persónulegar og ólíkar hver annarri. Ásgerður Búadóttir frá



Birger Olsson, forstöðumaður Hässelby hallar, ræðir um mynd Ásgerðar við sýningargesti. Myndin heitir Spámaður.

Íslandi sýnir veggteppi í glóandi rauðu með löngum hrosshárum í eðlilegum litum, segir blaðið. Einnig hefur hún sett saman myndir úr ofnum böndum.

„Dagens Nyheter“ hrósar öllum verkum sýningarinnar, 27 frá norrænu löndunum fimm, mjög frá handverkslegu sjónarmiði og segir, að maður hljóti að gleðjast yfir því frelsi gagnvart efni sem þetta vald yfir handverkinu veiti. Ahugavert sé að bera saman stíl listakvennanna, segir blaðið í því sambandi: Fulltrúi Noregs er Synnöve Anker Aurdal, sem vinnur með lýsandi sterkum litum, oft með svartan bakgrunn. Hún er dramatísk og verk hennar minna stundum á norska þjóðbúninga. Frá listrænu sjónarmiði líkjast þær að vissu leyti, hún og íslenska listakonan Ásgerður Búadóttir, en myndir hennar, sem eru sparsamar í tjáningu, líkjast landslagi, þar sem allt hefur mótast af eilífum vindi.

„Västerviks-Tidningen“ og fleiri blöð minnst sérstaklega á þung geómetrisk verk Ásgerðar, sem ljós blæja hrosshára á yfirborðinu veiti líf og gleði.

„Svenska Dagbladet“ segir

ma.: Ahugaverðasta vefnaðinn höfðu þær Ásgerður Búadóttir frá Íslandi og Elisabet Hasselberg-Olsson frá Svíþjóð unnið, sú fyrrnefnda ma. með innofnu hrosshári í vefinn, sem gaf verkunum ljóðræna og tilfinningarika tjáningu.

Að því er Ásgerður Ester sagði Þjóðviljanum, barst henni boð um þátttöku gegnum Félag íslenskra myndlistarmanna. Voru hún og allar hinar listakonurnar viðstaddir opnun sýningarinnar í Hässelby og dvöldust þar saman um tíma. Sagðist Ásgerður hafa metið þetta mjög mikils, hún hefði oft áður tekið þátt í samsýningum, en aldrei í sýningu, þar sem eingöngu var listvefnaður. Hefði sýningin þannig orðið góð heild, en þó hefðu þær allar verið mjög ólíkar og ynnu hver á sinn hátt.

Mest um vert við ferðina fannst henni þó að fá tækifæri til að kynna þessum listakonum í hennar eigin listgrein og skiptast á skoðunum. — Við höfðum um svo margt að tala og áttaum svo mikið sameiginlegt, sagði hún, og hélt að það gerði efnið og aðferðirnar ólíkt listmálurum, sem ekki hafa eins fjölbreytilegt efni að vinna með.

—vh.